



Umhverfisnefndarfundur 28. apríl 2017

Fundarritari: Anna Steinunn Pengilsdóttir

Mætt: Sigurbjörg verkefnisstjóri og fulltrúi Tjarnahóls, Sigríður fyrir Sunnuhvol, Anna Steinunn fyrir Fífilbrekku, Þórhalla fyrir Búðargil. Fjarverandi eru; Ella og Marzena fulltrúar Huldusteins og Vökuvalla. Einnig sátu fundinn fulltrúar foreldra í nefndinni þær Anna Rósa Halldórsdóttir og Ingibjörg Þórðardóttir.

Átthagaskýrsla: Við erum að sækja um nýjan grænfána og skýrslan er að fara frá okkur til Landverndar. Fulltrúi þeirra kemur síðan til okkar og tekur út starfið og ræðir einnig við starfsfólk og/eða fulltrúa úr nefndinni og börnin sem eru fulltrúar í nefndinni og jafnvel önnur börn líka. Að þessu sinni sækjum við um að fá grænfána-skilti en ekki grænfána þar sem fánarnir okkar hafa verið að skemmast í veðrum og vindum og Sibba verið að gera mikið við þá fyrir okkur. Skiltið er hengt á leikskólann og ætti að endast og veðrast mun betur. Við eigum stóran grænfána sem við munum þá nýta sem viðhafnarfána á hátíðis- og tyllidögum. Góð umræða um skýrsluna og Sibba sagði frá því helsta sem hún inniheldur.

Ráðstefna: Sibba og Anna Steinunn sögðu frá ráðstefnu sem þær fóru á hjá Landvernd í febrúar s.l. og var mjög svo áhugaverð og skemmtileg.

Grænfánahátíð: hún verður haldin hátíðleg fyrir hádegi þann 12. júní og verður með sama sniði og í fyrra; dreift verður endurnýtanlegum efnivið um alla lóð og flokkunarstöðvar settar upp og börnin flokka með aðstoð frá kennurum, mæltist þetta vel fyrir í fyrra og börnin mjög áhugasöm og dugleg. Við reiknum með að vorhátíð leikskólans sé á þessum sama degi eins og í fyrra en eftir hádegi, það kemur ekki fram á skóladagatalinu hvenær vorhátíð leikskólans er.

Yfirferð á húsinu: Við þurfum að fara yfir húsið og athuga hvort vanti miða einhversstaðar, t.d. við ljósaslökkvara, sápu- og bréfskammtara. Venja hefur verið að gera þetta á hverju vori og þar sem miðar eru að skemmast og týnast og allavega og þá gott að fara yfir alla staði. Mælst er til þess að hver deild fari yfir hjá sér og láti vita ef vantar miða og nefndin fer yfir öll sameiginleg rými.

Plastnotkun: Rætt um plastnotkun og hversu mikil hún er að verða. Hvað viljum við gera? Rætt hefur verið um þetta áður í vetur og hvort við viljum þá smá saman draga úr plastnotkun á leikskólanum og hvernig við viljum fara að því. Það kom fram að við getum rætt um það á deildum og við börnin hvernig við notum

plast. Við getum leyft börnunum að semja bréf um plastnotkun og senda td til fyrirtækja. Þannig getum við vakið athygli á hversu nauðsynlegt er að minnka notkun plasts allstaðar í þjóðfélaginu.

Í þessu samhengi ræddum við einnig um pokanotkun fyrir aukaföt, blaut og skítug föt barnanna en töluverð notkun er vegna þessa fatnaðar og nauðsynlegt er að draga sem mest úr henni. Hugmynd kom um að vera með poka úr bolum í hverri forstofu sem hægt er að ganga í og nota eftir vild og foreldrar taka þá pokana með sér heim og skila þeim síðan aftur. Til þess að það geti orðið þyrftum við að byrja á því að ákveða magn af þesslags pokum í hverja forstofu, safna síðan bolum alls staðar að og klippa þá út og sauma að neðanverðu. Möguleiki væri líka að vera með minni svona poka undir td vettlinga, nærfatnað og minni fatnað barnanna. Gæti þetta orðið skemmtilegt verkefni fyrir skólann og myndum við auglýsa eftir sjálfboðaliðum úr foreldra og starfsmannahópnum í saumaskap ef af verður.

Handþurrkur: Rætt var um í fyrra að hafa klúta sem handþurrkur eftir wc ferðir og matartíma frekar en pappír. Þessi umræða þarf að fara fram og ákveða hvað skólinn vill gera í framtíðinni. Eins og staðan er núna er allur þvottur þveginn í Naustaskóla fyrir báða skólana og er aðeins ein þvottavél og þurrkari og annar það engan veginn þessari viðbót. Við þurfum endilega að leggjast í hugarflæði með þetta mál og skoða kosti og galla, kostnað og sparnað og fleira sem við á.